



Reykjavík, 7. mars 2018
RMF18020013

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

***Samstarfssamningur við Samband íslenskra myndlistarmanna um fjárstuðning
Reykjavíkurborgar við Mugg – tengslasjóð fyrir myndlistarmenn***

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 26. febrúar sl. var lagður fram til samþykktar samstarfssamningur við Samband íslenskra myndlistarmanna um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Mugg – tengslasjóð fyrir myndlistarmenn.

Samningurinn var samþykktur sbr. 3. gr. fundargerðar og er hér með vísað til borgarráðs til samþykktar.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Inga María Leifsdóttir

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Samstarfssamningur við SÍM um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Mugg

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og Samband íslenskra myndlistarmanna kt. 551283-0709 gera með sér eftirfarandi:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Mugg – tengslasjóð fyrir myndlistarmenn fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 31. desember 2020

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Mugg er að gera Reykjavíkurborg að vettvangi alþjóðlegra listastrauma og að liðka fyrir samskiptum myndlistarmanna milli Reykjavíkur og umheimsins.

2. gr. Forsaga og tilgangur Muggs

Muggur – tengslasjóður fyrir myndlistarmenn var stofnaður í júní 2004. Stofnendur Muggs voru Reykjavíkurborg, Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) og Myndstef- Myndhöfundasjóður Íslands.

Sjóðurinn var stofnaður til þess að styðja við bakið á myndlistarmönnum sem þurfa að dvelja um tiltekinn tíma erlendis vegna sýningar, vinnustofudvalar eða sambærilegra myndlistarverkefna, sem útheimta tímabundna dvöl erlendis og efla á þann hátt myndlistarstarf í Reykjavík og ímynd Reykjavíkurborgar sem framsækinnar menningarborgar á heimsvísu.

Í stofnun sjóðsins felst þannig viðurkenning á hlut framsækkinna lista í kynningu á Reykjavík sem nútímalegrar menningarborgar og spennandi viðkomustaðar ferðamanna. Markmiðið með styrkveitingum er að upphefja áhrif Atlantshafsins og stuðla að því að íslenskir myndlistarmenn standi betur að vígi í sókn á erlenda markaði. Sjóðurinn hefur aukið verulega möguleika myndlistarmanna á þátttöku í myndlistarverkefnum erlendis.

Dvalarstyrkirnir hafa oft skipt sköpum fyrir þá sem þá hafa fengið. Þeir hafa gert mörgum myndlistarmönnum kleift að nýta tækifæri sem þeim hafa boðist erlendis, sem þeir annars hefðu ekki getað þegið. Dvalarsjóður Muggs nær á skipulegan og faglegan hátt, að uppfylla hluta af þörf myndlistarmanna fyrir styrki til dvalar erlendis.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar og samstarfsaðila.

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg SÍM f.h. Muggs - tengslasjóðs til í beinum fjárrframlögum kr. 2.500.000.- á ári 2018, 2019 og 2020 og greiðist upphæðin í tveimur jöfnum greiðslum eða kr. 1.250.000. þ. 1.-3. mars og 1. -3. júní ár hvert.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning nr. 0101-26-273952, kt. 551283-0709

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áranna 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun tengslasjóðsins að breyttri fjárveitingu.

Samband íslenskra myndlistarmanna skuldbindur sig til að leggja fram árlega kr. 600.000. Myndstef – Myndhöfundasjóður Íslands skuldbindur sig til að leggja fram árlega kr. 400.000.

4. gr. Sjóðsstjórn

Stjórn sjóðsins er jafnframt úthlutunarnefnd skipuð af stjórn SÍM til eins árs í senn í upphafi árs. Sjóðsstjórn fjallar um innkomnar umsóknir tvisvar á ári og setur sér verklagsreglur þar að lútandi. Ekki er heimilt að taka umsóknir til afgreiðslu á milli funda. Laun til úthlutunarnefndar Muggs eru greidd af eigin fé sjóðsins, en allur annar rekstrarkostnaður og umsýsla sjóðsins eru greidd af SÍM, fyrir utan árlegt framlag SÍM í Mugg.

5. gr. Skilyrði styrkveitinga og skuldbinding styrkþega

Til að geta fengið úthlutun úr sjóðnum þarf umsækjandi að vera aðildarfélagi SÍM og leggja fram tilskilin gögn er staðfesti boð um þátttöku í myndlistarviðburði eða úthlutun á gestavinnustofu sem útheimtir tímabundna dvöl erlendis. Ekki er veitt fé vegna dvalar í vinnustofum þegar dvalarstyrkir fylgja úthlutun. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um skilyrði styrkveitinga og úthlutun styrkja.

Styrkþegar undirgangast skuldbindingar gagnvart sjóðnum samkvæmt sérstökum samningi. Þar verði m.a. kveðið á um að styrkþegar skili stuttri greinargerð um notkun styrksins.

6. gr. Varðveisla og rekstur

Sjóðurinn er vistaður hjá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, sem varðveitir jafnframt gerðarbók hans og gögn. Rekstur sjóðsins skal greiddur af eigin fé samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Eftir hvert starfsár sjóðsins skal grein gerð fyrir starfsemi hans með ársskýrslu sem leggja skal fyrir fulltrúa stofnenda.

7. gr. Kynningararmál

Á öllu kynningarrefni styrkþega komi fram að Muggur sé styrktur af Reykjavíkurborg og birtir hann merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

8. gr. Ábyrgð

Samband íslenskrar myndlistarmanna ber ábyrgð á að verkefni sem njóta styrkja úr sjóðnum fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Samband íslenskrar myndlistarmanna er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárvkuldbindingu.

9. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Mugg. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í nóvember 2018, nóvember 2019 og í nóvember 2020, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Sambands íslenskrar myndlistarmanna að verkefnááætlun fyrir komandi starfsár. Samband íslenskrar myndlistarmanna skilar þá greinargerð og fjárhagsuppgjöri vegna úthlutuna

viðkomandi árs úr Muggi og áætlun um rekstur og starfsemi næsta árs. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

10. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Samband íslenskrar myndlistarmanna hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Samband íslenskrar myndlistarmanna hefur sýnt fram á að félagið muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

11. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við framlagt erindi SÍM á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 28. ágúst 2017 er vísað var til fjárhagsáætlunargerðar 2018, en hún var kynnt á fundi ráðsins þ. 9. október 2017 og samþykkt í borgarstjórn 5. desember 2017. Samningurinn er með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2019 og 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

12. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, dags. 15. febrúar 2018



F.h. Myndstefs – Myndhöfundasjóðs Íslands.

Ataknudur Ógg Finnsd. Helland

Vottar að réttir dagsetningu og undirskrift:

Jónas Þorsteinsson 0704362579

F.h. Sambands íslenskra myndlistarmanna

Sugíðbjörn Guðlaugsdóttir